



# REGLUR UM MENNTUN FUGLAHUNDADÓMARA

Gildir frá ágúst 2018

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

## Efnisyfirlit

|   |   |
|---|---|
| I. Dómaranefnd og leiðbeinendur.....                                | 2 |
| II. Almennt um fuglahundadómaranám. ....                            | 2 |
| III. Umsóknarferli og skilyrði fyrir inntöku nýrra dómaranema ..... | 2 |
| IV. Námsferlið.....   | 3 |
| a. Grunnám .....  | 4 |
| b. Verklegt nám.....  | 4 |
| V. Lokapróf.....  | 4 |
| VIII. Reglur fyrir nýja dómara .....                                | 5 |
| XII. Viðhald dómara réttinda.....                                   | 5 |

Fuglahundadómarar gegna mikilvægu hlutverki í veiðiprófum, þar sem reynir á staðgóða þekkingu á vinnueiginleikum hunda í tegundarhópi 7. Fuglahundadómarar bera ríka ábyrgð og víðtækar skyldur og þurfa að hafa góða þekkingu á veiðiprófsreglum og reglum HRFÍ.

Með námi sínu og störfum öðlast fuglahundadómarar yfirgripsmikla þekkingu og er mikilvægt að þeir hafi bæði færni og tækifæri til að miðla þekkingu sinni og séu meðvitaðir um ábyrgð sína sem fulltrúar Hundaræktarfélags Íslands.

## I. Dómaranefnd og leiðbeinendur

Dómaranefnd annast skipulag, undirbúning og menntun dómara samkvæmt reglum þessum. Í dómaranefnd sitja þrjú fulltrúar, þar af tveir tilnefndir af dómaraáði og einn af stjórn HRFÍ að fengnum tillögum deilda í tegundahópi 7. Fulltrúar dómaranefndar skulu vera dómaramenntaðir og hafa langa og víðtæka reynslu af dómgaeslu.

Dómaranefnd ásamt leiðbeinanda hefur umsjón með menntun fuglahundadómara, staðfestir inntöku dómaranema og mælir með staðfestingu réttinda dómara við stjórn HRFÍ. Nefndin fylgist almennt með náminu og leiðbeinir. Ákvarðanir og tillögur dómaranefndar til stjórnar HRFÍ eru trúnaðarmál.

Leiðbeinendur skulu vera reynslumiklir fuglahundadómarar hjá HRFÍ eða NKK. Hlutverk þeirra er að leiðbeina dómaranema og vera honum innan handar varðandi námsferlið. Leiðbeinendur staðfesta að dómaranemi hafi lokið grunnnámi og geti hafið verklega þjálfun, eins leiðbeina þeir og hafa eftirlit með verklegri þjálfun og staðfesta að dómaranemi sé reiðubúinn í próf.

## II. Almennt um fuglahundadómaranám.

Dómaranemar bera almennt sjálfir kostnað af dómaranámi, þar með talið af námskeiðum, verklegri þjálfun, ferðum og uppihaldi.

Dómaranefnd getur hvenær sem er stöðvað nám dómaranema. Nefndin skal tilkynna viðkomandi um ákvörðun og rökstyðja hana skriflega. Dómaranemi getur að fengnum meðmælum leiðbeinanda borið ákvörðun undir stjórn HRFÍ sem leitar umsagnar dómaraáðs.

## III. Umsóknarferli og skilyrði fyrir inntöku nýrra dómaranema

Áhugasamir félagsmenn í HRFÍ, með lögheimili á Íslandi, geta sótt um að gerast dómaranemar. Hægt er að sækja um nám sem Fuglahundadómari á sæki-, vettvangsvinnuprófi eða hvorutveggja. Ábendingar geta komið frá dómaraáði og stjórnnum ræktunardeilda í tegundarhópi 7, en umsókn skal ávalt undirrituð af umsækjanda. Umsókn skal berast til dómaranefndar HRFÍ og henni skal fylgja ferilskrá

þar sem m.a. kemur fram nafn, heimilisfang, aldur, menntun, reynsla af veiðiprófum og þátttöku og störfum í veiðiprófum, svo og öðru starfi innan HRFÍ.

Áður en umsækjandi er samþykktur sem dómaranemi, er gerð krafa um eftirfarandi:

- a. að viðkomandi hafi góða færni til mannlegra samskipta.
- b. að viðkomandi hafi langa veiðireynslu, að minnsta kosti fimm ára, sem skal staðfest með vottorði frá Umhverfisstofnun um útgefin veiðikort eða öðrum hætti sem dómaranefnd metur fullnægjandi
- c. að viðkomandi hafi nokkurra ára reynslu af þátttöku í veiðiprófum.
- d. að viðkomandi hafi þjálfað og leitt eigin hund til 1.OF. á veiðiprófi.
- e. að viðkomandi hafi verið þátttakandi í öllum flokkum á veiðiprófi þeirrar tegundar veiðiprófa sem viðkomandi sækist eftir námi í.
- f. að viðkomandi hafi reynslu af prófstjórn og skipulagningu veiðiprófa
- g. að viðkomandi sé virkur félagi í HRFÍ

Umsækjandi skal afla meðmæla frá amk einni ræktunardeild í tegundarhópi 7 og virkum fuglahundadómara sem jafnframt staðfestir að hann sé reiðubúinn að vera leiðbeinandi viðkomandi. Því næst skal umsækjandi metinn af dómaranefnd sem kallar umsækjanda fyrir og spyr út í reynslu, þekkingu, og getu og aðstæður til að takast á hendur dómaranám. Dómaranefnd getur kallað til sérfræðinga til að aðstoða við prófun og mat á umsækjanda. Mat nefndarinnar er frjálst, en almennt skal við það miðað að matið sé byggt á þekkingu, hæfni og reynslu umsækjanda sbr. ofangreinda liði.

Uppfylli umsækjandi tilgreindar kröfur og dómaranefnd metur hann hæfan, skal nefndin leggja það til við stjórn HRFÍ að hann verði samþykktur sem dómaranemi og nám getur hafist. Við samþykki er jafnframt ákveðið hvort hann skuli læra að dæma sæki-, vettvangsvinnu eða hvorutveggja.

Dómaranemi skal gæta háttvísi og fylgja í einu og öllu verklags- og siðareglum sem gilda um veiðiprófsdómara.

## IV. Námsferlið

Námið tekur að lágmarki tvö ár og er við það miðað að nemi sinni námi sínu markvisst og að hann sé virkur allan námstímann. Í náminu er m.a. stuðst við dómarahandbók, hugtakalista auk annarra eyðublaða sem tengjast veiðiprófum.

Náminu er skipt í grunnám (fyrsta námsárið) annars vegar og verkleg (seinna ár) hins vegar. Þegar nemi hefur á fullnægjandi hátt lokið grunnnámi og verklegri þjálfun lýkur náminu með því að neminn stenst lokapróf, sem er bæði skriflegt og verklegt.

Dómaranefnd í samvinnu við leiðbeinanda skipuleggur námið. Í upphafi skal viðkomandi fá námsáætlun, þar sem fram kemur námsefnið og sú verklega þjálfun sem viðkomandi þarf að uppfylla. Nemi skal að lágmarki ganga með í fimmtán prófdaga. Dómaranemi skal halda dagbók. Í hana skulu færð þau námskeið, þær æfingar og próf sem nemi vinnur að á námstímanum. Leiðbeinandi skal hafa eftirlit

með og staðfesta vinnu nema samkvæmt dagbók. Þá skulu viðkomandi umsjónaraðilar hvers viðburðar um sig kvitta í bókina til staðfestingar.

#### a. Grunnám

Á fyrsta námsári er farið yfir veiðiprófareglur, notkun hugtaka í vettvangs- og eða sækivinnu. Þá fær nemi þjálfun og leiðbeiningar um notkun umsagnarblaða og munnlegra umsagna. Einnig er farið yfir eðlislæga og áunna eiginleika fuglahunda.

#### b. Verklegt nám

Á síðara námsári fær dómarnemi verklega þjálfun í vinnu dómara á fjalli og/eða sækivinnu. Er æskilegt að nemi gangi sem oftast með sem aðstoðardómari í öllum flokkum. Dómarnemi skal hafa samráð við leiðbeinanda og prófhaldara óski hann að ganga með í veiðiprófi.

Þegar nemi, að höfðu samráði við leiðbeinanda, telur sig tilbúinn að dæma skal hann sækja um slíkt til viðkomandi dómara og dómarnefndar. Hyggist dómarnemi sækja um að vera nemi í Noregi, skal hann fylgja reglum NKK um umsókn, eftir því sem við á. Hann skal einnig senda umsókn til dómarnefndar a.m.k. tveimur vikum fyrir brottför. Í umsókn skal skýrt greint frá prófhaldara, staðsetningu og dagsetningu prófa. Dómarnefnd tekur til viðeigandi gögn sem dómarnemi skal taka með sér og fá útfyllt hjá viðkomandi dómara. Gæta skal að því að gögnum dómara sé skilað til dómarnefndar í lokuðu, innsigliðu umslagi.

Dómarnemi skal dæma a.m.k. tvisvar sinnum í öllum viðkomandi flokkum með reyndum dómara. Æskilegt er að velja til þess dómara sem hefur mikla reynslu af veiðiprófum og er hæfur til að leiðbeina dómarnema. Dómarnemi skal senda inn umsókn til dómarnefndar á fyrirhugaðri þjálfun að minnsta kosti tveimur vikum fyrir prófsetningu. Dómarnefnd aflar samþykkis hjá viðkomandi prófhaldara og dómara og lætur í té viðeigandi gögn til útfyllingar. Fulltrúi HRFÍ á prófinu skal gæta að því að gögn séu rétt útfyllt og skilað til dómarnefndar í lokuðu, innsigliðu umslagi.

Dómarnefnd getur hafnað umsókn um verklega dómgæslu, t.d. vegna þess að hún barst of seint, prófhaldari telur það trufla framkvæmd prófsins eða reynslu dómara er ábótavant. Almennt er ekki til þess ætlast að dómari gangi með nema einn nema í hverju prófi.

Dómarnemi skal gæta fyllstu háttvísi í veiðiprófum og er mikilvægt að trúnaður gildi milli hans og dómara prófsins.

## V. Lokapróf

Þegar dómarnemi hefur, að mati leiðbeinanda, lokið fullnægjandi verklegri dómgæslu sækir hann um að taka lokapróf til dómarnefndar sem staðfestir að nemi sé tilbúinn í próf.

Lokapróf skal ekki tekið nema að loknu tveggja ára námi en það skal þó tekið innan fjögurra ára frá samþykki dómaranema.

Dómaranefnd stendur fyrir lokaprófi. Lokaprófi skal stjórnað af reyndum veiðiprófsdómurum sem dómaranefnd, í samráði við leiðbeinanda, tilnefnir sem prófstjóra. Í lokaprófinu skal nemi dæma hunda í UF, OF og KF í vettvangsvinnu og UF og OF í sækivinnu.

Lokaprófið má fara fram samhliða almennum veiðiprófum og skal nemi þá dæma á sjálfstæðan hátt, skrá umsögn á prófblað, kynna dómara prófsins mat sitt á vinnu hundanna og að fengnu samþykki dómara fara með munnlega umsögn fyrir þátttakendur.

Í prófinu skal lagt mat á eiginleika og hæfileika dómaranema sem fuglahundadómara. Auk þess er lag mat á eftirfarandi:

- Persónulega framkomu og auðmýkt gagnvart verkefninu
- Hæfni til að tjá sig munnlega og skriflega
- Hæfni til að meta vinnu hunda og veiðieiginleika
- Þekkingu á veiðiprófsreglum og notkun hugtaka

Prófið tekur yfir tvo daga og lýkur með skriflegu prófi sem samanstendur af spurningum og lýsingum er varða reglur og atvik í öllum flokkum við sæki- og/eða vettvangsvinnu. Lágmarkseinkunn er 7.

Eftir lokapróf yfirfer dómaranefnd prófið og hefur samráð við leiðbeinanda dómaranema. Standist hann ekki, getur hann sótt um að taka upptökupróf ellegar skal dómaranefnd og leiðbeinandi leggja fram nýja námsáætlun um frekara nám.

Standist hann, mælir dómaranefnd með viðurkenningu hans sem fullgilds fuglahundadómara. Stjórn HRFÍ tekur endanlega ákvörðun um veitingu dómara réttinda að fengnum meðmælum dómaranefndar.

## VIII. Reglur fyrir nýja dómara

Dómari/dómaranemi skal gæta háttvísi og fylgja í einu og öllu verklags- og siðareglum sem gilda um veiðiprófsdómara.

Nýr dómari skal hafa reynslumikinn meðdómara í KF. Það er á ábyrgð dómarans sjálfs að gæta að þessum kröfum, að viðlagðri ábyrgð.

## XII. Viðhald dómara réttinda

Mælst er til þess að dómari gefi reglulega kost á sér til vinnu við veiðipróf á vegum HRFÍ.

Dæmi dómari ekki veiðipróf í þrjú ár missir hann dómaraéttindi sín. Stjórn HRFÍ getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn dómaraáðs.

Samþykkt á fundi stjórnar HRFÍ þann 1.8.2018